

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundarboð

3. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020. Sameiginlegur fundur skólaráðs, nemendaráðs og umhverfisnefnda grunnskólans ásamt Sigurborgu Jónu Björnsdóttur og Þórdísi Þórsdóttur sem leiða Heilbrigði og velferð teymið.

10. janúar kl. 8:10 – 9:30 í Heppuskóla – stofu 5.

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir og Sigurborg Jóna Björnsdóttir

Fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Dagskrá

1. Niðurstöður skólaþings, umhverfisstefna skólans og flöggun á þriðja grænfánanum. Í viðhengi er skýrsla frá Landvernd vegna grænfánaverkefnisins og niðurstöður skólaþingsins. Eins og þið sjáið þá er nemendum umhugað um umhverfismál en einnig heilsueflingu og velferð almennt. Því er spurning hvernig við getum fléttað á sem árangursríkastan hátt saman
 - umhverfisstefnu skólans
 - heilsueflandi grunnskóla og forvarnarmál
 - niðurstöður skólaþings
2. Önnur mál.

Fundargerð

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir og Sigurborg Jóna Björnsdóttir

Fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Frá Skólaráði; Kristín Hermannsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Fjóla Hrafnkelsdóttir, Birkir Snær Ingólfsson, Heiður Sigurðardóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir og Þórgunnur Torfadóttir. Frá Nemendaráði; Reynir Gunnarsson, Arna Lind Kristinsdóttir, Siggerður Egla Hjaltadóttir, Stígur Aðalsteinsson, Auður Gunnlaugsdóttir og Karen Hulda Finnsdóttir. Frá Umhverfisnefnd skólans; Þórdís Þórsdóttir, Sigurborg Jóna Björnsdóttir, Hans Markús Hafsteinsson, Sævar Rafn Gunnlaugsson, Anna Lára Grétarsdóttir, Kolbeinn Brynjólfsson, Emma Ýr Friðriksdóttir, Magni Snær Grétarsson, Alexandra Hernandez, Sverrir Sigurðsson, Vaka Sif Tjörvadóttir, Þorgerður Grétarsdóttir og Sindri Sigurjón Einarsson.

Dagskrá.

Þórgunnur byrjaði á að bjóða fundarmenn velkomna og greindi frá því að markmiðið með fundinum væri að fá fleiri að borðinu til að draga skýrar fram og markmiðsetja áherslur í

- umhverfisstefnu skólans

- heilsueflandi grunnskóla og forvarnarmál
- niðurstöður skólaþings

Til þess að gera þetta var ákveðið að kalla þennan hóp saman. Sigurborg Jóna, Þórdís og Þórgunnur hafa dregið fram nokkra punkta sem þær vildu gjarnan fá meiri umræðu um og í framhaldinu var fundarmönnum skipt í hópa til að ræða punktana hér fyrir neðan. Hver hópur fékk það hlutverk að byrja á að ræða einn þátt en mátti síðan alveg ræða aðra þætti eða fara í annað sem þeim fannst mikilvægt í þessum málaflokkum.

Umræðupunktur og punktar frá hópum.

1.

Nemendur eru með margar flottar hugmyndir, hvað gerum við til að hjálpa nemendum að hrinda þeim í framkvæmd? *Það á að hlusta á hugmyndir nemenda með opnum huga og athuga hvort hægt er að framkvæma þær.*

Er áhugi fyrir jafningjafræðslu? Um hvað ætti sú fræðsla að vera? Hvernig getum við komið á jafningjafræðslu? *Það voru allir jákvæðir fyrir jafningjafræðslu en til þess að hún geti orðið að veruleika þarf tíma og stað þar sem hægt er að koma hugmyndum á framfæri og það þarf fullorðna til að aðstoða við að koma þessu á stað.*

Hvaða/hvernig fræðslu vilduð þið hafa á Hafnarhitting? *Alls konar sjónrænt efni væri sniðugt á Hafnarhitting þar sem einstaklingar eða hópar geta komið fræðslu á framfæri. Það mætti gjarnan vera fræðsla um umhverfismál á Hafnarhittingi. Fá sérfræðing t.d. með jafningjafræðslu í umhverfismálum. Þorgerður Þorbjarnardóttir var m.a. nefnd en hún var m.a. í Kryddsíldinni á gamlársgang.*

2.

Frímínútur á eldra stig, nemendur, foreldrar og starfsmenn hafa áhyggjur af mikilli símanotkun í frímínútum – hvað er hægt að gera til að efla virkni nemenda í frímínútum? *Það væri hægt að fjölga tækjum, opna oftast inn í íþróttahús í fleiri frímínútum og á fleiri dögum því krakkarnir vilja fleiri íþróttatíma. Svo mættu spilin vera sýnilegri en ekki bara í skáp hjá Flórentínu. Svo væri einfalt að kaupa fleiri UNO spilastokka, gera stofu 5 að meiri KÓSY stofu*

Safar - boost – nesti- hvað viljum við leyfa? Taka inn bæði umhverfisvernd og hollustu.

Ættum við t.d. að leyfa eingöngu drykki í margnota ílátum? og nesti yfirleitt – ætti það að vera eingöngu í margnota ílátum? *Til að auka notkun á margnota ílátum væri gott að hafa vatnsbrunn, brúsar passa ekki undir vaska og enginn vill drekka úr klósettvaski. Svo ætti að leyfa boost í fjölnota umbúðum. Margir safar eru hollir og það mætti alveg leyfa safu í skólanum.*

Ruslamálin – getum við tínt rusl oftast og getum við þá skorað á vinnustaði að gera slíkt hið sama – hvað gætum við gert fleira varðandi ruslamálin? *Það mætti fara oftast en einu sinni á ári í ruslatíslu í skólanum. Umhverfisráð í bæjarstjórn verði virkjað með í því t.d. í auglýsingum. Það mætti fjölga ruslatunnum í bænum og það mætti upplýsa þá í áhaldahúsinu um hugmyndirnar. Það ætti líka að festa ruslatunnur í bænum svo þær fjúki ekki. Hafa meiri möguleika á að flokka lífrænt hjá nemendum, það væri t.d. hægt með því að hafa lífrænan úrgang á nemendasvæði en einnig væri hægt að hafa dallana með ávaxtaúrganginum lengur inn í stofunum á daginn. annar hópur sagði að það ætti að hætta með almennt sorp í skólastofum, hafa frekar lífræna tunnu (t.d. ávaxtadallinn) tyggjótunnu og endurvinnslutunnu.*

3.

Safnanir og fjáraflanir – Eigum við að fara nýja leiðir í söfnunum? Í stað þess að styðja Unicef og SOS eða aðra slíka aðila eigum við þá að finna okkur aðila til að styrkja erlendis þar sem féð frá okkur nýtist beint í það starf? *Hafa meira sýnilegt það sem safnað er. Við viljum vera viss um að peningarnir nýtist þeim sem þurfa hjálp. Það væri hægt að fá upplýsingar frá t.d. SOS og Unicef um það í hvað peningurinn fer sem við söfnum. Það þarf ekki heldur alltaf að styrkja það sama. Hægt er að styrkja bæði innanlands og utan og það má líka styrkja umhverfið t.d. gróðursetja tré eða annað slíkt. Kannski sniðugast að festa sig ekki í einu heldur dreifa styrkjum milli ára.*

Endurnýta föt og dót – Getum við komið þessu í fastan farveg þannig að skólinn (nemendur og starfsfólk) geti staðið fyrir markvissari endurnýtingu á fötum og leikföngum? *Það er spurning að koma upp skiptimarkaði hvort sem hann er í skólanum eða annars staðar. Setja upp fataslá í t.d. Nettó þar sem óskilaföt væru hengd upp. Spurning að jafnvel selja (hafa t.d. bauk) en a.m.k. koma þessum fatnaði í umferð. Afraksturinn færi í góð málefni.*

4.

Eigum við að hafa stillanlega skrifborðsstóla í fyrir nemendur Heppuskóla eins og Hafnarskóla. – kostir. *Misjafnar skoðanir á því sumir vildu rúllustóla eins og í Hafnarskóla en ekki aðrir. Fleiri hópar vildu þó stillanlega stóla þó einhverjir segðu að þeir væru líka að trufla. Aðrir sögðu að nemendum liði betur, væru rólegri og það væri betri vinnufriður. Það truflaði minna þegar maður hreyfði sig í þeim og auðveldara væri að láta þá borðin passa öllum. Það væri auðveldara að færa sig t.d. til að sjá á skjávarpann og fleira. En það kom líka fram að það væru nú stærri vandamál í skólanum en stólar.*

Skólalóðin á yngra stigi hvað væri hægt að gera þar, köngulóarróla eða eitthvað annað? *Fleiri rólur og flott að fá köngulóarrólu og niðurgrafið trambólín. Svo mætti mála teiga og vítalínur á vellina. Það vantar fleiri nýja kubba. Og það er gat á ærslabélgnum.*

Félagslífíð í bænum okkar, hvernig gætum við bætt það? Geta nemendur haft frumkvæði að einhverju? *T.d. hafa fleiri strandhreinsanir, gróðursetja t.d. tré á Hafnarhitting, fatamarkaði og ruslatínslur því það er líka félagslíf að gera eitthvað svona saman og það þarf ekki endilega að gera þetta í skólanum. Svo væri bíó, keila, kaffihús með ekta bakarí og salatbar frábært. .*

Matarmálin – við sögðum frá þeim farvegi sem þau eru í núna, vill fólk fara lengra eða gera annað? *Afmæliseftirréttur einu sinni í mánuði, það er hægt að finna hollar lausnir. Hafa fleiri skoðanakannanir um hvað fólki finnst um matinn. Salatbar, hafa líka salatbar á föstudögum því þá er léttur matur og sennilega fleiri sem vildu nota hann.*

Annað sem fram kom. *Það vantar skóhorn í Heppuskóla, það þarf að yfirfara hátalarakerfið þar og það væri gott að hafa upplýsingaskjá eins og fram kom á Skólapingi.*

Fundi slitið 9:30